

5 aranna á öllum nýjungum í vísindalegri áfengisfræði og kennslutillhögun í henni.  
13. jan. Í sambandi við bindindisfræðslu þessa skal kennt um eðli og áhrif tóbaks og kaffi.

8. gr.

Fræðslumálastjóri skal senda reglugerð þessa öllum skólanefndum, fræðslu-  
nefndum og skólaráðum í landinu, ennfremur öllum skólastjórum, til úthýt-  
ingar meðal kennara í landinu.

9. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum  
þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í kennslumálaráðuneytinu, 13. janúar 1936.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Ragnar Bjarkan.*

6

**REGLUR**

20. jan.

**um kynblöndun íslenzkra nautgripa og galloway-nautgripa.**

1. gr.

Heimilt er eiganda galloway-nauts að nota það til kynblöndunar með íslenzk-  
um kúm, þó með þeim takmörkunum, sem settar eru í reglum þessum.

2. gr.

Ala má kvígukálfa undan nautinu og endurtaka kynblöndunina milli nauts-  
ins og kvigna undan því í annan ættlið, en ekki má halda umræddum kúm undir  
naut af íslenzku kyni.

3. gr.

Alla tarfkálfa, er fæðast undan galloway-nauti, skal gelda í síðasta lagi áður en  
þeir verða 6 mánaða. Þó getur atvinnumálaráðuneytið veitt undanþágu frá þessu  
eftir tillögum Búnaðarfélags Íslands, og fer þá um meðferð gripa þessara eftir  
ákvæðum 4. greinar.

Alla kálfa af galloway-kyni skal merkja, þegar þeir fæðast, á þann hátt,  
er Búnaðarfélags Íslands ákveður.

4. gr.

Nú á einhver galloway-naut eða hefir fengið undanþágu samkvæmt 3. gr.,  
og skal hann þá einangra umræddan grip svo, að fóðra hann í húsi eða hafa hann  
í girðinu, sem telst örugg að dómi hreppstjóra. Þó ber eigandi ábyrgð á, ef slíkur  
gripur sleppur úr gæzlu. Að öðru leyti gilda sömu ákvæði um kynblendingsnaut  
og hreinkynja galloway-naut.

## 5. gr.

Heimilt er eiganda galloway-nauts eða kynblendings að leigja það öðrum til undaneldis og ber eigandi þá ábyrgð á, að hlýtt sé ákvæðum 2., 3. og 4. greinar, um kynblöndunina, meðferð kynblendingsanna og merkingu þeirra.

6

20. jan.

## 6. gr.

Nú lánar einhver slíkt naut til undaneldis, og er þá þeim, er nautið fékk til afnota, skylt að tilkynna eiganda þess um alla kálfa, er fæddust undan því, og þar með fylgi allar þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru vegna ákvæða 7. gr.

## 7. gr.

Eigandi galloway-nauts eða kynblendingsnauts skal færa nákvæma skrá yfir allar þær kýr, sem haldið er undir nautið, hvort sem hann á þær sjálfur eða aðrir. Skal þar tilgreina nafn eiganda, svo og nafn, lit og aldur kýrinnar, hvenær henni var haldið undir nautið, hvenær lúin bar, kyn kálfsins, lit og þyngd við fæðingu, og um tarfkálfana skal tilgreina, hvort fengin hafi verið undanþága frá að gelda þá, annars, hvenær þeir voru geltir. Síðan skal færa á þessa skýrslu aðrar upplýsingar um kálfinn, svo sem hvenær honum var lógað og hvað hann lagði sig þá.

## 8. gr.

Afrit af skýrslum þeim, er ræðir um í 7. gr., skal eigandi nautsins senda Búnaðarfélagi Íslands fyrir 1. marz ár hvert, og sé skýrslan fyrir síðasta almanaksár, enda láti félagið honum í té nauðsynleg skýrsluform.

## 9. gr.

Skylt er nautgriparæktarfélagum, þar sem rekin er kynblöndun sú, er ræðir um í reglum þessum, að leggja fyrir eftirlitsmenn sína að sjá um, að haldnar verði fullkomnar fóður- og afurðaskýrslur fyrir kynblendingsana og samanburður gerður á fóðurstofnaði þeirra, framförum og afurðum þeirra, er þeim er slátrað, svo og á öðrum afurðum þeirra og á íslenskum gripum á sama reki innan félagsins (á sömu heimilum). Skýrslur þessar skal eftirlitsmaður senda Búnaðarfélagi Íslands árlega, ásamt hinum venjulegu skýrslum nautgriparæktarfélagsins.

Þar sem ekki er nautgriparæktarfélag, er eiganda nautsins skylt að sjá um, að haldnar séu og gefnar skýrslur þær, er hér um ræðir.

## 10. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum og öðrum viðurlögum samkvæmt 18. gr. laga nr. 27, 8. sept. 1931.

## 11. gr.

Með mál út af brotum gegn reglum þessum skal fara sem almenn lögreglu-mál.

- 6  
20. jan. Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt lögum nr. 45, 19. júní 1933, sbr. lög nr. 27, 8. september 1931, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. janúar 1936.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*

7  
20. jan.

## REGLUGERÐ

**um skipun slökkviliðs og brunamála í Ólafsfjarðarkauptúni.**

### I. KAFLI

**Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.**

#### 1. gr.

Yfirstjórn brunamála í Ólafsfjarðarhreppi skal falin þriggja manna nefnd, og eiga sæti í henni oddviti hreppsnefndar, slökkviliðsstjóri og einn maður, er hreppsnefnd kýs til þriggja ára í senn.

#### 2. gr.

Brunamálanefnd hefir á hendi stjórn brunamála í Ólafsfjarðarkauptúni, að svo miklu leyti sem starfið heyrir ekki beinlínis undir slökkviliðsstjóra.

Hún skal hafa eftirlit með því, að ákvæðum brunamálalaganna og reglugerðar þessarar sé í öllu framfylgt.

### II. KAFLI

**Hver slökkvitæki kaupúnið skuli eiga, og viðhald þeirra.**

#### 3. gr.

Ólafsfjarðarkauptúni er skylt að eiga auk slökkvistöðvar í nothæfu ástandi að minnsta kosti þessi slökkvitæki og áhöld: 400 metra slöngur með tilheyrandi tengslum og stútum, 1 björgunarstiga, 1 þakstiga, 1 áhalda- og slönguvagn, eldvarnarsegl, 2 reykrímur, 2 krókstjaka, 15 hjálma ásamt öðrum smærri áhöldum. Áhöldum þessum skal á kostnað hreppssjóðs vel við haldið, svo þau séu ávallt í nothæfi ástandi.

Ef brunamálanefnd þykir ástæða til að fjölga eða fullkomna slökkvitækin, skal hún leggja það til við hreppsnefnd, að svo verði gert.